

háskólans, prófessorarnir Cochrane og Osborne. Héldu þeir ræður, Dr. Laird og prófessor Osborne, á eftir líkra ðunni. Ekk kom séra Friðrik, var hann þó eini Íslendingurinn er fékkst við kennslu við Wesley, og hér var verið að fylgja til grafar, þeim Íslendingi er fyrstur hafði útskrifast við Wesley, er getið hafði sér beztan orðstír allra námsmanna fyrir laudóm, dugnað og námshæfilegleika.

Síðan eru nærri fjögur ár. Vér munum vel hvað gjörðist, og er sagan mikið lengri en þetta, væri hún öll sögð. Vér munum einnig mjög vel, hversu ræður þar voru, er þessir tveir kennarar fluttu það kvöld. Nú kemur afbakaður útdráttur úr þeirri ræðu próf. Osborne's í Breiðabl., Desember blaðinu, og verðum vér að játa að oss kom það kynlega fyrir. Minningu hins látna manns er misboðið með slíku, misl oðið með þýðingunni, er hlýtur að vera mikið skrámd á allan hátt. Þarf ekki annað en benda á, að líkfylgdin frá Wpg. Beach er látin vera einn hundasleði, — „þar bíður líklega óvandaður sleði, þakinn hálmur með einni eða tveimur ábreiðum. Þögulir, þureygir, menn og sveinar, *hlaupa* líklega með honum yfir snjóinn, eina míluna eftir aðra.“ . . . og þegar komið er til áfangastaðarins, er líkið látið „niður í grunna og *ólreina* gróf.“ Er þá gróf Þorvaldar, norður í Árness-grafreitnum, fram við vatnsbakkann, *ólreinni* en annara manna grafir?

Minningu hans er misboðið að þessi gjörðist þýðandinn að líkræðunni hans — maðurinn er sýndi honum fyrirliðningu á líkfjölnum, en með þessari líkræðu er nú í vinsældaleit í garði vina og vandamanna hins látna. Ósegjanlega er djúpt á kinnroða sumra manna.

Vegna þess vér þekktum svo vel til, getum vér ekki hjá oss leitt að gjöra þessa athugasemd. Það má ekki minna vera, en hræsnin láti grafirnar í friði, og svo lengi vér megnum að hreyfa hönd eða tungu, munum vér reyna að varna þess að grómtæknir fingur bletti minningu þess manns og mannorð, er var hreint og himinbjart.

Ritstjóri sra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.